

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefnasvid@althingi.is

Ísafirði 11. maí 2023.

Umsögn frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð. Mál 941, 153. lögjafarþing

Vestfjarðastofa vinnur þessa umsögn fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga afgreiddi þann 5. desember s.l. umsögn um efni frumvarpsins þegar það lagt var fram í Samráðsgátt í nóvember s.l. mál 238/2022. Byggir þessi umsögn á efni umsagnar í Samráðsgátt.

Tekið er undir ákvæði frumvarpsins um að sett verði varaflugvallargjald sem tryggi öryggi millilandaflugs með uppbyggingu og rekstur varaflugvalla.

Um efni frumvarpsins

Þeir varaflugvellir sem hér um ræðir eru Egilsstaðaflugvöllur og Akureyrarflugvöllur sem eru samtímis hluti af grunnneti innanlandsflugvalla. Varaflugvallargjald mun því að öllum líkindum draga verulega úr þörf á framlagi af fjárlögum hvað varðar þessa flugvelli og er beint til reksturs, viðhalds og uppbygginga innanlandsflugvalla.

Minnt er á, að framlög til innanlandsflugvalla voru stórlega skert í kjölfar efnahagshruns 2008 og hafa ekki verið leiðrétt nema að hluta. FV bindur hér vonir um að með varaflugvallargjaldi losni um fjármagn sem ella hefði runnið til Egilsstaðarflugvallar og Akureyrarflugvallar. Það fjármagn sem þannig losni verði nýtt til uppbyggingar og viðhalds annarra innanlandsflugvalla og skilgreindra landingastaða. Að auki ríkrar þarfa á bættri flugleiðsögn fyrir innanlandsflug ekki síst gervihnattaleiðsögn fyrir vestanvert Ísland. Ef fjármagn stendur hinsvegar óbreytt þá mun varaflugvallargjald leiða til mismunar farþega sem nýta aðra innanlandsflugvelli,

Hér er svo vikið að 2. gr frumvarpsins varðandi tilgreind markmið þess.

Gerð er athugasemd við almenn markmiðum frumvarpsins í 1. mgr er sleppt tilvísun í markmið samgönguáætlunar um jákvæða byggðáþróun. Markmið samgönguáætlunar eru fimm auk undirmarkmiða, þetta eru markmið um greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbæra samgöngur **og um jákvæða byggðáþróun.**

Það er mat FV að nauðsyn sé að tilgreina markmið um jákvæða byggðáþróun í þessu frumvarpi til að gæta samræmis við sömu markmið stjórnvalda sem sett eru í Samgönguáætlun og í Byggðaáætlun. Benda má á að unnið er að bættum búsetuskilyrðum með verkefnum Loftbrú og eins með auknum framlögum til að mæta ferðakostnaði vegna þjónustusóknar í heilbrigðis og velferðarúrræði.

Varaflugvallargjald leiðir til hækkunar á flugfargjöldum innanlands og vinnur því gegn framangreindum verkefnum og markmiðum um jákvæða byggðapróun. Til að mæta þessum ágalla leggur FV til að framlög til Loftbrúar verði hækkuð til að mæta álagningu varaflugvallargjalds. Sömuleiðis þarf að tryggja að mæta sambærilegri hækkun fargjalda í stuðningi stjórnvalda til þjónustuþega heilbrigðis og velferðarkerfis sem sækja þurfa miðlæga þjónustu ríkisins á höfuðborgarsvæði. Með þessum hætti er komið á móts við þessa hækkun án þess að raska skuldbindingum Íslands varandi EES samninginn, sem tilgreindar eru í inngangi að skýringum með einstaka lagagreinum.

Í c lið 2. gr og skýringum frumvarpsins með þeirri grein, er lögð áhersla að flugvallkerfið sé tengt með öruggum og hagkvæmum hætti við almenningssamgöngur á landi. FV tekur undir að verulegur misbrestur er á því í dag, svo sem á Keflavíkurflugvelli, en þar hinsvegar að vænta úrbóta samkvæmt svari innviðaráðherra, mál 686 á 153. löggjafarþingi. FV telur að einnig eigi að tilgreina að ákvæðið eigi við alla áætlunarflugvelli landsins, en ekki einungis millilandaflugvelli. Væri þá ákvæðið í takt við ákvæði d lið 2. gr, að fylgja beri stefnumörkun stjórnvalda eins og hún birtist í flugstefnu og samgönguáætlun á hverjum tíma. Vísa má hér til undirmarkmiðs samgönguáætlunar um almenningssamgöngur, þar sem segir; „Samþætt almenningssamgöngukerfi á landi, í lofti og á sjó stuðli að jákvæðri byggðapróun og styrki vinnu- og skólasóknarsvæði.“

Um aðkomu Alþingis að flugmálum

Að lokum vill Fjórðungssamband Vestfirðinga fjalla um þann aðskilnað sem umfjöllun um flugmál er í umfjöllun Alþingis um aðra þætti samgöngumála. Hér er vísað til þess fyrirkomulags að hafa meginhluta verkefna tengd flugmálum undir umsjón opinbers hlutafélags, ISAVIA ohf. Fjárfesting á vegum félagsins er ekki flokkuð sem opinber fjárfesting heldur flokkast hún sem atvinnuvegafjárfesting. Þetta verður til þess að eftirfylgni þingsins gagnvart flugmálum er með öðrum hætti í umfjöllun um þingsins um fjármál ríkisins við aðra mikilvæga innviði líkt s.s. orkuframleiðslu og flutning raforku.

FV telur að áhrif þessa fyrirkomulags geti skýrt langtíma vanfjármögnun innanlandsflugvalla og uppbyggingu flugleiðsögukerfa innanlands, að afstaða og vilji þingsins nær þannig síður til flugmála en annarra innviða. Sama þá við umsagnir FV líkt og um Fjármálaáætlun 2024-2028, að það mat og ábendingar sem þar koma fram hafi í raun lítið að segja um þær fjárfestingar sem ISAVIA stendur að.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir sig reiðubúið að koma á fund umhverfis og samgöngunefndar til að ræða efni umsagnar.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar